

## Dagbók í *Mentor* – vinnureglur

Við skráningar í dagbók í *Mentor* skal gæta fyllsta hlutleysis og einungis skrá staðreyndir, gæta meðalhófs og einungis skrá það sem er nauðsynlegt í skólastarfi. Forðast skal að skrá nokkuð sem getur orkað tvímælis eða er sérstaklega viðkvæmt fyrir þann sem skráð er um.

### Í dagbókina er skráð:

- Samtöl við nemendur og foreldra. Dagsetning og stutt lýsing á tilefni samtalsins
- Atvik sem eru þess eðlis að mikilvægt er að geyma upplýsingar um þau. Lýsing er hlutlaus og greint er frá staðreyndum, hvernig brugðist var við og hvernig málum er fylgt eftir.
- Fundir sem haldnir eru vegna nemenda, virkni í námi og annað sem ekki er miðlað til foreldra með öðrum hætti
- Leyfi sem veitt eru í lengri tíma en tvo daga.
- Annað sem skiptir máli fyrir velferð og skólagöngu nemanda

### Mikilvægt er að:

- velja einungis þá sem eiga að sjá færsluna. Ekki velja „Allir“ nema það sé nauðsynlegt. Oftast: *stjórnendur og umsjónarkennari*
- skrá ekki nöfn annarra nemenda en þess sem færslan er um. Í stað nöfn annarra nemenda má nota bekkjarfélagi, bekkjarsystir, nemandi úr 7. bekk o.s.frv.
- hugsa vel um það sem er skrifað og lesa vel yfir. Forðast notkun gildishlaðinna orða. Fá aðstoð og yfirllestur ef um álitamál eða viðkvæm mál er að ræða.
- Ef haft er samband við foreldra símlíðis vegna atburðar er óþarfi að senda foreldrum í tölvupósti að færsla hafi verið skráð í *Mentor*. Hins vegar er góð venja að senda umsjónarkennurum tilkynningu um skráningu í *Mentor*. Einnig er gott að senda stjórnendum tilkynningu um skráningu ef um alvarleg mál er að ræða eða verið er að fylgjast sérstaklega með viðkomandi nemendum.

### Nokkur dæmi um skráningar

- Hringt var í foreldra og rætt um stundvísi/atvik sem átti sér stað í matsal/kennslustund/frímínútum o.s.frv.
- Hringt var í foreldra vegna heimalesturs, íþróttafatnaðar, nestismála og því um líkt.
- Haft var samband við foreldra vegna umsóknar um lestrargreiningu
- Rætt var við nemandann um vinnufrið í stofunni/ framkomu við aðra nemendur/atvik sem átti sér stað í frímínútum/matsal.
- Haldinn fundur með forráðamönnum vegna námslegrar stöðu/hegðunar/ástundunar
- Í frímínútum í dag átti sér stað atvik er varðar samskipti nemandans og skólafélaga. Rætt var við báða/alla aðila, farið yfir málið og það gert upp. Málinu telst lokið. Sjá nánar í persónumöppu nemandans.
- Nemandi kemur til stjórnanda sem ræðir við hann að beiðni kennara.

*Hafnarfjörður, 10. janúar 2022*